



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2012
Tilv.: 1209036

Efni: Umsögn um frumvarp til innheimtulaga, 103. mál

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. september 2012, vegna frumvarps til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008, þar sem eftirlitinu var veitt tækifæri á að koma á framfæri umsögn vegna þess. Með tölvupósti, dags. 11. október sl., var frestur eftirlitsins framlengdur til loka dags 16. október.

Samkeppniseftirlitið telur einungis vera tilefni til þess að gera athugasemdir við nefnt frumvarp með almennum hætti vegna eftirlitskerfis með innheimtu og breytingum á því. Líkt og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið snerta helstu breytingartillögur þess ákvæði um Lögmannafélag Íslands sem eftirlitsaðila í stað úrskurðarnefndar lögmanna áður, Neytendastofu sem almennan eftirlitsaðila með eigin innheimtustarfsemi aðila og flutning sérstaks eftirlits með innheimtu opinberra aðila frá Fjármálaeftirlitinu til Neytendastofu. Í frumvarpinu er ekki fjallað um forsendur þess að færa starfsemi þessara aðila frá Fjármálaeftirlitinu til Neytendastofu. Telur Samkeppniseftirlitið að rök geti staðið til þess að Neytendastofa hafi eftirlit með þeim aðilum og telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það fyrirkomulag að svo stöddu.

Að mati Samkeppniseftirlitsins geta aðrir aðilar sem stunda innheimtur fyrir aðra talist keppinautar á sama markaði. Er þar annars vegar átt við lögmenn og starfsemi dótturfélaga þeirra og hins vegar aðra aðila sem sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt 16. gr. núgildandi laga nr. 95/2008 um innheimtu fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem það hefur veitt innheimtuleyfi samkvæmt lögnum. Hins vegar fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit gagnvart lögmönnum samkvæmt lögum nr. 95/2008 og lögum um lögmenn, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um innheimtu. Verði frumvarpið samþykkt mun Lögmannafélag Íslands taka við hlutverki úrskurðarnefndar lögmanna. Ljóst er að heimildir Fjármálaeftirlitsins og möguleikar til þess að hafa eftirlit með aðilum sem stunda innheimtustarfsemi eru töluvert víðtækari heldur en heimildir Lögmannafélags Íslands. Þannig getur Fjármálaeftirlitið m.a. beitt heimildum sínum á grundvelli laga nr. 87/1996



um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en ljóst er að Lögmannafélag Íslands býr ekki yfir sambærilegum heimildum eða úrræðum. Í því ljósi er það mat Samkeppniseftirlitsins að það gæti skotið skökku við að mismunandi aðilar hafi eftirlit með starfsemi aðila sem geti talist keppinautar á sama markaði.

Í 3. mgr. 15. gr. innheimtulaga segir að eftirlitsaðilar samkvæmt 1. og 2. mgr. 15. gr. skuli samræma verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er óljóst hvaða áhrif slíkar verklagsreglur geta haft í ljósi þess hversu misvíðtækar heimildir nefndir eftirlitsaðilar hafa til þess að framfylgja lögnum.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Hildur Leifsdóttir